Brosið

Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fréttablað Hraunvallaskóla Apríl 2020 3. tbl. 11. árg

Heilsueflandi grunnskóli

Skrifstofa Hraunvalla-skóla er opin mánudaga til fimmtudaga frá 7:45 til 16:00 og á föstudögum frá 7:45 til 15:00

Sími skólans er: 590-2800

Síminn í Hraunseli er: 590-2810



Vinátta Samvinna Ábyrgð

Á Drekaslóðum

Við lifum á furðulegum tímum. Ástandið í heiminum á sér fáar ef einhverjar hliðstæður. Ýmsir hlutar samfélagsins hafa beygst og bognað en vonandi komumst við aftur á rétt ról sem fyrst svo þeir ekki brotni. Svoleiðis ástand er hjá okkur hér í skólanum. Við höldum ótrauð áfram og teygjum bara kassann til og frá og finnum okkur leiðir til að halda okkar flotta skólastarfi áfram. Starfsfólk og nemendur grunn– og leikskóla hafa aðlagast ótrúlega og hafa haldið uppi breyttu en góðu skólastarfi síðustu vikur í mjög svo krefjandi starfsumhverfi.

Nú er t.d. komin í loftið frábær síða með upplýsingum fyrir nemendur og foreldra Hraunvallaskóla. Þessi síða hefur verið á döfinni um tíma en ástandið hefur ýtt á okkur að koma henni í loftið. Á síðunni eru upplýsingar um öll helstu öpp og forrit sem verið er að nota í skólastarfinu. Þar er einnig að finna áhugaverða og gagnlega vefi með alls kyns efni sem efla færni og þekkingu á skemmtilegan hátt. Svo eru þar líka leiðbeiningar fyrir ýmis öpp og forrit. Síðan er í stöðugri þróun og góðar ábendingar og athugasemdir eru vel þegnar á netfanginu tdh@hraunvallaskoli.is



Leikskólafréttir



Óhætt er að segja að við bíðum óþreyjufull eftir 4. maí þó pínu óljóst sé á þessari stundu hvernig skólastarfið verður. Það hefur þó gengið ótrúlega vel hér síðan 16. mars og við verið heppinn þar sem fá börn hafa farið í sóttkví og enginn kennari. Við höfum lagt mikla áherslu á sótthreinsun og handþvott og mörg börn orðin sérfræðingar í því.

Þó fámennt hafi verið í húsinu á hverjum degi höfum við ekki látið það stoppa okkur í að halda uppi góðu leikskólastarfi og óhætt að segja að við höfum notið þess að vera í litlum hópum. Hér gengur hver dagur fyrir sig á sem eðlilegastan hátt þ.e. leikið, lesið, spjallað, borðað, hvílt okkur, leikið úti o.s.frv. Við höfum verið dugleg að fara í vettvangsferðir og hafa tilbreytingu í starfinu.

Dagný danskennari hefur lokið danskennslunni að þessu sinni hjá okkur en hún kom til okkar í haust. Þegar hún var hálfnuð datt hún og fótbraut sig illa en þegar hún ætlaði svo að halda áfram kom Covid foreldrasýningin féll niður því miður. Danskennslan var í boði foreldrafélagsins.

Það er hefð hér í leikskólanum að foreldrafélagið hefur boðið okkur í Miðdal í Kjós og var slík ferð áætluð þann 16. maí n.k. en því miður treysta þau í Miðdal sér ekki til að taka á móti okkur enda erfitt að halda 2 metra reglunni í fjárhúsunum.



Stóra upplestrarkeppnin



Í byrjun mars kepptu 12 nemendur úr 7. bekk um að komast á lokahátíð Stóru upplestrar-keppninnar í Hafnarfirði. Eins og ávallt er lokahátíðin haldin svo í Hafnarborg og stóð til að halda hana um miðjan mars. En eins og margt annað þá frestaðist þessi viðburður því miður. En allir keppendur stóðu sig virkilega vel og að lokum valdi dómnefnd Arnar Loga Ægisson og Júlíu Lind Sigurðardóttur til að verða fulltrúar skólans og Heiðrúnu Völu Hil-marsdóttur sem varamann. Við óskum sigur-vegurum og öllum keppendum til hamingju.

Samrómur - lestrarkeppni

Raddir barna og unglinga eru ekki eins og fullorðinna. Til að tækin sem við tölum við skilji börn og unglinga þarf að fá raddsýni sem flestra inn í gagnagrunninn samrómur.is. Gögnin eru svo notuð til að búa til mál-tæknilausnir fyrir íslensku. Forsetinn okkar Hr. Guðni Th. Jóhannesson hvatti krakka og unglinga landsins á dögunum að taka þátt í átakinu því í gangi er keppni milli grunnskólanna. Gaman er að segja frá því að nú í lok apríl erum við í Hraunvallaskóla í efsta sæti í þessari keppni. Hér á myndum má svo sjá nemendur í 5.Viðey vinna ipad-verkefni og taka þátt í lestrarkeppninni. Hefur einn nemandi t.d. lesið inn einn og sér 627 setningar. Frábært hjá honum og öðrum nemendum sem taka þátt í þessu frábæra verkefni sem sett var upp til að verja og varðveita íslenskuna okkar. Ekki veitir af.

Bókasafnið okkar

Heilmikið var um að vera eins og vanalega á okkar frábæra bókasafni fyrir tíma Covid. Þar er hvert tækifæri gjarnan nýtt til skreytinga og því var haldið upp á Valentínusardaginn. Krakkarnir fengu hjarta til að skrifa niður á það sem þau elska. Svo var hjartað klippt út og hengt upp á vegg. Það var gaman að sjá að nokkrir nemendur skrifuðu bókasafnið eða bækur inn í sitt hjarta.

Krakkarnir í leikskólanum hafa verið duglegir að kíkja í heimsókn á bókasafnið og öllu jafna fáum við leikskólakrakka í heimsókn á hverjum mánudegi. Þá fá börnin að hlusta á sögu ásamt því að skoða bækur og annað sem bókasafnið hefur upp á að bjóða.

Nýjasta lestrarátakinu *Skúli skelfir* var bætt í hóp annarra lestrarátaka. Duglegir lestrarhestar gátu í því átakinu unnið sér inn Skúla skelfi bókamerki og jafnvel Andrés-blað.

Páskakanínan

Í síðustu vikunni fyrir páska fór fram teiknimyndasamkeppni hér í Hraunvallaskóla. Lagt var upp með að nemendur teiknuðu sína útgáfu af Picasso-páskakanínu og skiluðu myndinni rafrænt til umsjónarkennara. Dómari valdi 8 bestu myndirnar úr hverri deild í undanúrslit og nemendur kusu rafrænt á milli þeirra. Þátttaka var mjög góð og barst fjöldinn allur af fallegum myndum í keppnina í öllum deildum. Eftir netkosningu stóðu eftirfarandi listamenn uppi sem sigurvegarar. Fengu þeir risapáskaegg frá skólanum í verðlaun.

Yngri deild: Magnús Logi í 2. Kötlu. Miðdeild: Viktor Már í 6. Grímsey. Unglingadeild:Elín Klara í 10. KJ. Við óskum vinningshöfunum til hamingju og þökkum öllum þátttakendum fyrir frábæra keppni.



Söngkeppni Hafnarfjarðar

Í byrjun janúar var hin árlega söngkeppni Hafnarfjarðar haldin í Bæjarbíó. Þar áttum við tvö GEGGJUÐ atriði í keppninni en það voru þau Bergdís Hrönn með lagið Imagine og Sveinbjörg Júlía, Svandís Helga, Jón Ragnar, Erlendur Snær og Aron Þór með lagið Total Eclipse of the Heart! Við erum gríðarlega stolt af þeim og þau stóðu sig frábærlega vel!

Sigurvegararnir að þessu sinni voru Arndís Dóra og Áróra úr Öldunni með lagið Mad world og Hekla sif úr Skarðinu með lagið Skyscraper og óskum við þeim innilega til hamingju með sigurinn.

Meira frá leikskóla



Eftir áramótin byrjuðum við í þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun sem Ásthildur Snorradóttir talmeinafræðingur stýrir. Í leikskólanum er starfandi stýrihópur sem fer fyrir verkefninu. Markmið með verkefninu er að öll börn í Hraunvallaleikskóla nái hámarks-árangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og læsi í víðum skilningi. Stefnt er á að þessi undirbúningur skili börnum betur undirbúnum inn í grunnskóla.

Afrakstur verkefnisins verður aukin þekking, færni og öryggi starfsfólks í vinnu með málörvun og læsi. Einnig skilvirkari vinnubrögð hvað varðar uppbyggingu málörvunarstunda, leikaðstæður og val á viðeigandi málörvunar-efni til að styrkja málþroska og læsi. Valdefling leik-skólans til þess að virkja betur sérfræðiþekkingu og úrræði sem þegar eru til staðar í leikskólanum. Aukið öryggi við að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar til að mæta þörfum allra barna.

Við höfum m.a. farið í styrk- og veikleika vinnu. Styrkleikar leikskólans eru m.a. áhugasamir kennarar, áhersla á orð og hljóð vikunnar, umhverfið er læsishvetjandi, mikið er lesið fyrir börnin og við erum tilbúin að mæta þörfum hvers barns. Veikleikar eru m.a. að málörvunarstarf-ið þarf að vera markvissara, nota allt efni sem leik-skólinn á, hópar of stórir og foreldrar þurfa að koma meira inn í þessa vinnu með okkur.

Við erum

FRÁBÆR



Nóg að gera hjá 3. bekk

Þó veirufaraldur geisi og geri heimsbyggðinni erfitt fyrir að hreyfa sig, hittast og almennt hafa gaman þá gerir 3. bekkur heldur betur ýmislegt til að stytta sér stundir í samkomubanni.

Ýmsar fígúrur og kransar voru föndraðir fyrir páskana eins og sjá má á myndum sem fylgja með. Einnig hittust allir nemendur á spjallforritinu ZOOM og tóku lagið saman. Heppnaðist þetta algjörlega og þótti öllum gaman af. Og svo inná milli náms og verkefna var tekið uppá því að fara í leiki, dansa og taka allskonar íþróttaæfingar. Já, svona er þetta hjá 3. bekk. Með jákvæðnina að vopni er hægt að gera ótrú-legustu tíma skemmtilega, meira að segja Covid-tíma.

Heimsókn í álverið

Þessi glæsilegi hópur nemenda úr 10. ÓS og 10. KJ heimsóttu álverið í Straumsvík í gær. Farið var með hópinn í kynnisferð um álverið. Byrjað var í matsalnum þar sem hópurinn fékk sódavatn (úr áldósum) og kremkex. Bjarni Már upplýsingafulltrúi álversins fræddi þau um starfsemi og svo var haldið í göngutúr um svæðið, inn í steypuskála og kerskála. Voru krakkarnir til fyrirmyndar í alla staði. Ferðin var liður í náminu í náttúrugreinum - efnafræði og vistfræði og er álversferðin að verða fastur liður hjá 10. bekk. Með í för frá skólanum voru Ásgeir Rafn Birgisson, Ólafur Sigvaldason og Símon Örn Birgisson.

Efnilegir krakkar

Við í Hraunvallaskóla erum afar stolt af því að bjóða nemendum unglingadeildar uppá mjög svo fjölbreyttar og forvitnilegar valgreinar. Ein af þeim er valgreinin Umhirða. Þar er ýmislegt brallað sem tengist heiti valgreinarinnar. Þarna eru augljóslega efnilegir krakkar á ferðinni og næsta víst að einhver endi í snyrtifræði eða hárgreiðslunámi.



Grunnskólahátíðin

Nú í febrúar var Grunnskólahátíðin haldin með pompi og prakt. Eins og hefð er fyrir þá hófst hún með sýningu í Gaflaraleikhúsinu þar sem skólarnir sýndu atriði. Við í Hraunvallaskóla tókum að sjálfsögðu þátt í því og sýndu nemendur í 10. bekk atriði úr söng-leiknum Grease sem verið var að æfa. Krakkarnir stóðu sig frábærlega í Gaflara-leikhúsinu þar sem þeir léku, sungu og dönsuðu við lifandi undirleik hljómsveitarinnar. Í hljómsveitinni eru þeir Jón Ragnar, Aron Þór og Erlendur í 10. bekk. Einnig höfðum við í láni frá Öldutúns-skóla hann Kormák, sem spilar með strákunum. Krakkarnir voru okkur til mikils sóma og þóttu standa sig afburðarvel. Áhorf-endur voru mjög ánægðir með atriðið okkar.

Var svo haldið áfram að æfa í framhaldinu því fyrirhugaðar voru sýningar á söngleiknum fyrir almenning en því miður þurfti að fella það niður.

Krakkarnir fengu svo að venju risadansleik í Íþróttahúsinu við Strandgötu um kvöldið þar sem dansað og tjúttað var langt fram á kvöld. Þetta er ávallt skemmtileg hefð og standa okkar krakkar sig með afbrigðum vel.

Samvera á sal hjá 4. bekk

Þegar leiðinda veirur herja ekki heimsbyggðina er fastur liður hjá yngri deildum Hraunvallakóla að hittast á sal nokkrum sinnum yfir veturinn og skemmta sér saman. Í febrúar var einmitt ein slík samvera hjá 4. bekk þar sem ýmislegt var brallað. Nemendur t.d. sungu heilmikið saman og settu saman leikrit. Hljóðfæra-leikur var einnig fyrirferðarmikill þessa samveruna. Greinilegt að margir hæfileikaríkir nemendur eru í þessum efnilega 4. bekk okkar.



Skíðaferð unglingadeildar

Síðustu ár höfum við farið í skíðaferð í Bláfjöll. Er sú ferð að sjálfsögðu háð veðri og færð. Að þessu sinni var unglingadeildin heldur betur heppin með veðrið. Þótt kalt hafi verið þá var glampandi sól og gott skíðafæri. Myndirnar tala sínu máli.

6. bekkur á Covid-tímum

Það hafa verið öðruvísi, stuttir en skemmtilegir dagar hjá okkur í 6. bekk í takmörkuðu skólastarfi. Við höfum nýtt okkur tæknina mikið og hefur verkefnavinna að mestu leiti farið fram á Google - Classroom. Verkefnin eru úr þeim hæfniviðmiðum vetrarins sem eftir var að meta. Þessi klukkutími á dag sem nemendur hafa fengið í skólanum hefur verið okkur öllum góður til að halda samskiptum, rútínu og til að halda utan um námið á þessum skrýtnu tímum. Það hefur reynt talsvert á nemendur að sýna sjálfstæð vinnubrögð og skipuleggja sig vel heima.



Rétt áður en skólahald varð takmarkað gerði Alexander Lukas, nemandi 6. bekkjar tilraun með brauðsneiðar. Hann nuddaði höndunum við eina brauðsneið (þessa grænu á mynd), nuddaði einni við spjaldtölvu (þessi hvíta á mynd) og svo eftir handþvott með sápu og svo spritti (hinar tvær). Sneiðarnar hanga uppi í einu hólfi á svæðinu okkar og hafa skapað ansi góðar umræður um mikilvægi handþvottar.

Við höfum ákveðið að taka þátt í lestrarkeppni grunnskólanna á samromur.is/keppni Keppninni lýkur 10. maí svo við þurfum að halda vel á spöðunum ef við ætlum okkur að vinna. Bæði nemendur og fjölskyldur þeirra mega taka þátt í keppninni og stig eru uppfærð jafn óðum. Krakkarnir hafa staðið sig mjög vel við að lesa inn og við erum ótrúlega ánægð með þessa lestrarhesta okkar og vonum að fleiri skrái sig til leiks og leggi sitt að mörkum.

Nemandi hjá okkur vann páskamyndasamkeppni miðdeildar, það var Viktor Már Óskarsson. Hann fór heim með veglegt páskaegg fyrir páskafrí og óskum við honum innilega til hamingju.



Gaman í dönsku

8. bekkur sést hér vinna verkefni á Ipad þar sem nemendur áttu að búa til myndband við danskt lag. Nemendur fengu alveg frjálsar hendur með það hvernig þau unnu verkefnið. Eina sem var ákveðið fyrirfram, var lagið sem kennarinn var búinn að velja. Það var skemmtilegt að sjá hvernig nemendur unnu verkefnið á mismunandi hátt. Afraksturinn var svo sýndur í dönskutíma við mikinn fögnuð nemenda.



Skólapúls leikskólans

Það er gaman að segja frá því að samkvæmt niðurstöðum mælinga í Skólapúlsinum sem lagðar voru fyrir í mars, þá eru foreldrar ánægðir með leikskólann. Þeir telja að barnið sé ánægt og mikil ánægja er með daglegt leikskólastarf. Foreldrar eru ánægðir með flutning milli skólastiga og milli deilda og telja að barnið fái næg tækifæri til að leika og að námsumhverfi barnsins sé öruggt. Við fengum mikið af jákvæðum og uppbyggjandi svörum í opnum spurningum sem ylja okkur. Það sem helst mætti bæta er fagmenntað starfsfólk, tímasetning viðburða á vegum leikskólans, fjölbreyttari aðferðir til að skrá þroska barna og foreldrar þekkja ekki stefnu og skólanámskrá leikskólans. Þessa dagana vinnum við að úrbótaáætlun út frá niðurstöðunum.

HAFIÐ ÞAÐ SEM

ALLRA BEST



Brosið
Fréttablað Hraunvallaskóla
Drekavöllum 9
221 Hafnarfjörður

Ritstjóri: Karl Pálsson
Ábyrgðarmenn: Lars Jóhann Imsland og Guðbjörg Hjaltadóttir
www.hraunvallaskoli.is
www.leikskolinn.is/hraunvallaskoli
www.mosinn.is